

Álfareiðin

Ljóð

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég úti við skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að mér fljótt,
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,
hornin jóa gullroðnu bliku við lund.
Eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýtt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?

Höfundur: Jónas Hallgrímsson



Frístundalæsi




Bráðum kemur betri tíð Ljóð




Bráðum kemur betri tíð
með blóm í haga,
sæta langa sumardaga.

Þá er gaman að trítla um
tún og tölta á engi,
einkum fyrir unga drengi.



Fölöldin þá fara á sprett
og fuglinn syngur,
og kýrnar leika við kvurn
sinn finger.

Höfundur: Halldór Laxness



Frístundalæsi



Buxur, vesti, brók og skó

Ljóð



Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Höfundur: Jónas Hallgrímsson



Foli, foli fótalipri

Ljóð

Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim á bæ.

Foli, foli fótalipri,
flýttu þér nú heim á bæ.

Tra-rí, ra-la-la,
flýttu þér nú heim að bæ.

Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ.

Heima mun þín heyið bíða
en hjá mömmu koss ég fæ.

Tra-rí, ra-la-la,
en hjá mömmu koss ég fæ.

Herðir hlaupin hlaupagarpur,
hreint ei telur sporin sín.

Herðir hlaupin hlaupagarpur,
hreint ei telur sporin sín.

Tra-rí, ra-la-la,
hreint ei telur sporin sín.

Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.

Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.

Tra-rí, ra-la-la,
hafrastráin talið þín.

Höfundur: Hildigunnur Halldórsdóttir



Frístundalæsi



Kvæðið um fuglana

Ljóð


Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Höfundur: Davíð Stefánsson



Frístundalæsi



Maístjarnan

Ljóð



Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.



Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er alt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einíngarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Höfundur: Halldór Laxness




Óskasteinar Ljóð

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leynd,
huldi þar í hellisskúta heillasteina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Höfundur: Hildigunnur Halldórsdóttir



Tunglið, tunglið, taktu mig Ljóð



Tunglið, tunglið, taktu mig
og berðu mig upp til skýja.
Hugurinn ber mig hálfa leið
í heimana nýja.

Mun þar vera margt að sjá.
Mörgu hefurðu sagt mér frá,
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn skjá.

Litla lipurtá, litla lipurtá.

Komdu litla lipurtá,
langi þig að heyra,
hvað mig dreymdi,
hvað ég sá
og kannski sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.
Ljáðu mér eyra.

Höfundur: Theódóra Thoroddsen



Upp á grænum Ljóð

Upp á grænum, grænum himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.

Hann með trommu,
bom-bom, bom-bo-rom-bom-bom,
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukall
sem miðaði í hveli.

En hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Höfundur: Hrefna Samúelsdóttir Tynes



Frístundalæsi



Vísur Vatnsenda-Rósu Ljóð



Augun mín og augun þín.
Ó, þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt,
þú veist hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann,
sannlega fríður var hann.
Allt sem prýða má einn mann,
mest af lýðum bar hann

Þig ég trega manna mest,
mædd af tára flóði.
Ó, að við hefðum aldrei sést,
elsku vinurinn góði.

Höfundur: Rósa Guðmundsdóttir

